

**Mál nr. 62/2004**

**M**

**og**

**V h.f. v. lausafjártryggingar M**

**Ágreiningur um bótauppgjör vegna innbrots þ. 10.2.2003.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ.29.3.2004.ásamt fskj. 1-5
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr.
3. Lögregluskýrsla dags. 10.2.2003.
4. Bréf M dags. 14.5.,21.5., 3.10., 7.11., 8.12.2003 og 19.2.,11.3.,24.3. og 15.4.2004.
5. Bréf Fjármálaeftirlitsins dags. 29.9.,9.10., 10.11.,30.12. 2003.
6. Bréf Tryggingaþjónustunnar dags. 21.10., 20.11.,22.12.2003 og 4.2.,4.3., 18.3. 2004.

**Málsatvik.**

Brotist var inn í verslun M og stolið þaðan vörum. M krafðist bóta úr tryggingu sinni hjá V og taldi tjón sitt nema kr. 776.200.-. V greiddi kr. 388.101 og taldi það fullnaðarbætur en þar var um 50% bætur að ræða. V taldi miðað við lagerstöðu að vörulager í verslun M væri a.m.k. helmingi verðmeiri en það sem tryggt var fyrir hér væri því um undirtryggingu að ræða og bótauppgjör ætti að vera í samræmi við það. Þessu mótmælti M og leitaði m.a. til Tryggingaþjónustunnar og var málinu vísað til Fjármálaeftirlitsins sem benti á að viðkomandi ágreiningsefni heyrði ekki undir Fjármálaeftirlitið. Með bréfi Tryggingaþjónustunnar ehf. dags. 4. mars 2004 fylgdi ársreikningur M en einnig koma fram í bréfinu útreikningur og sjónarmið M vegna kröfu hans um að hann eigi rétt á fullum bótum. Með bréfi dags. 24.3.2004. samþykkir V að greiða M fullar bætur og taldi sig þá hafa fengið fullnægjandi upplýsingar sem leiddu til þess að réttmætt væri að greiða fullar bætur til M. M krafðist þess að greiddir yrðu dráttarvextir af því sem vangeitt hafði verið frá því að tjónið varð til greiðsludags og að V greiddi kostnað M við að reka málið. V féllst á að greiða kostnað M en hafnaði kröfu um að greiða dráttarvexti frá tjónsdegi.

**Álit.**

Ágreiningur í máli þessu varðar bótafjárhæð nánar tiltekið kröfu M um greiðslu dráttarvaxta og er samþykkt af hálfu V að sá ágreiningur skuli borinn undir Úrskurðarnefnd í Vátryggingamálum.

Af gögnum málsins verður ekki ráðið að M hafi komið fullnægjandi gögnum til V um mat á heildarvátryggingaverðmæti M fyrr en með bréfi dags. 4.3.s.l. og meðfylgjandi ársreikningi. V hafði því ástæðu til að greiða ekki fullnaðarbætur til M fyrr en að gögnin bárust félaginu þ. 4.3. s.l. M á því ekki rétt til að fá greidda dráttarvexti af því sem ógreitt var fyrr en eftir þann tíma og vísast í því sambandi til 3.mgr. 5.gr. l. nr.38/2001 um vexti og verðtryggingu.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á að fá greidda dráttarvexti úr hendi V.

Reykjavík 11.5. 2004.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.